

12. mars 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Bt. Hildur Edwald, nefndarritari  
101 Reykjavík



**Efni: Umsögn Samiðnar um frumvarp til breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla.**

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu að þá er því ætlað að færa iðn-, verk- og starfsnámi jafnhátt undir höfði og bóknámi í löggjöf um inntökuskilyrði í háskóla. Bent er á að með frumvarpinu eru opnaðar dyr að háskólum fyrir nemendur sem hafa lokið öðru námi en stúdentsprófi.

Samiðn vill lýsa yfir mikilli ánægju með þær breytingar sem umrætt frumvarp felur í sér og telur mikilvægt frumvarpið verði afgreitt á Alþingi sem allra fyrst. Samiðn vill að lokum taka fram vilja sinn að taka þátt í frekari umræðu um stöðu iðn-, verk- og starfsnáms hér á landi og hvernig hægt er að vinna því námi enn frekara brautagengi hér á landi.

F.h. Samiðnar

Hilmar Harðarson

Formaður Samiðnar

Elmar Hallgríms

Framkvæmdastjóri Samiðnar